

Hugmyndafræði leikskólans

Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia og nýtum okkur gæði útikennslu. Það er sálfræðingurinn og hugmyndasmiðurinn Loris Malaguzzi sem stendur á bak við hugmyndafræði Reggio Emilia. Meginþættir hennar fela í sér sjónrænt uppeldi.

Við hvetjum börnin til að virkja öll sín skilningarvit, „málin sín hundrað“ og skapandi hugsun. Börnin eru hvött til þess að hugsa og tjá sig á þann hátt sem þeim er eðlilegastur, það er í myndlist, tónlist eða með líkama sínum. Eitt aðalatriðið í hugmyndafræði Malaguzzi er að sérhvert barn sé einstakt og að það sé sjálft aðalpersónan í eigin vexti og þroska.

Ef maður vill kynnast börnunum þá verður maður líka að kynnast veröld þeirra. Hlusta, horfa opið og spyrjandi á þau og kynnast leikjum þeirra. Við leggjum mikla áherslu á leikinn í öllum hans myndum. Leikurinn er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Frjáls og sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barnsins. Leikurinn er líf barnsins og starf.

Í starfi okkar er umhverfið einn kennarinn. Útikennsla gerir námið áhrifaríkara. Möguleikarnir með vinnu utan dyra eru margir og hægt að nálgast viðfangsefnin á fjölbreyttari hátt. Það að færa námsferlið í óheft rými gefur möguleika á betri skilningi, dýpri sýn á hlutina og nákvæmari tilgangi með því sem verið er að gera.

Samband kennara og nemanda verður nánara. Barnið nýtur sín mun betur í frelsinu sem náttúran hefur upp á að bjóða en inni í litlu herbergi.

Útivera gerir barnið hraustara á sál og líkama.

Stjórnskipan leikskólans

Leikskólastjóri ber ábyrgð á uppeldisstarfi leikskólans og skipuleggur það í samvinnu við starfsfólk, börn og foreldra. Leikskólastjóri sér um að ráða starfsfólk leikskólans, deilir út verkefnum og ber ábyrgð á daglegum rekstri leikskólans.

Leikskólakennari/deildarstjóri ber ábyrgð á börnunum og uppeldisstarfinu á sinni deild og tekur þátt í markmiðasetningu og áætlanagerð leikskólans ásamt öðrum starfsmönnum.

Leiðbeinendur starfa undir handleiðslu leikskólakennara og hafa heildarmarkmið leikskólans að leiðarljósi.

Allir starfsmenn leikskólans eru bundnir þagnarskyldu.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnespings

Þar starfa kennsluráðgjafar, talmeinafræðingur, sálfræðingar og félagsráðgjafar sem leikskólinn getur leitað til varðandi greiningar og ráðgjöf.



Upplýsingarit fyrir foreldra/forráðamenn

Heimasíða: www.undraland.is
Netfang: undraland@undraland.is
Sími: 480-6620





Velkomin í leikskólann!

Leikskólar starfa eftir lögum um leikskóla nr. 90 frá árinu 2008. Í þeim kemur fram að leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Leikskólinn annast uppeldi og menntun barna, að ósk foreldra, undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólafræðum.

Árið 2011 gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út aðalnámskrá fyrir leikskóla og er hún stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstarf í leikskólum. Í henni segir að leikskólinn sé fyrir öll börn, óháð andlegu og líkamlegu atgervi, menningu eða trú.

Markmið leikskóla er meðal annars að skapa börnunum hollt og öruggt umhverfi sem veitir þeim tækifæri til að þroskast andlega sem líkamlega og njóta bernsku sinnar.

Rekstraraðili Undralands er Hrunamannahreppur og fer skólanefnd sveitarfélagsins með málefni hans.



Að byrja í leikskóla

Sækja má um leikskólapláss um leið og flutt er í sveitarfélagið en leikskólaganga hefst ekki fyrr en barnið hefur fengið kennitölu og lögheimili þess verið skráð. Hafa má samband við leikskólann beint eða sækja umsóknareyðublað á heimasíðu leikskólans og senda í tölvupósti til leikskólastjóra.

Leikskólagjöld eru greidd eftirá, greiðsluseðill er sendur í heimabanka. Upplýsingar um leikskólagjöld er að finna á heimasíðu leikskólans.

Leikskólinn er opinn frá kl. 7:45 til 16:00, en börn geta dvalið hjá okkur í fjórar til átta klukkustundir á dag í fjóra eða fimm daga í viku. Þegar barn byrjar í leikskólanum er gerður dvalarsamningur á milli leikskóla og foreldra. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á samningnum er einn mánuður. Með undirritun dvalarsamnings staðfesta foreldrar að þeir hafi kynnt sér gjaldskrá og reglur leikskólans.

Áður en barn hefur leikskólagöngu eru foreldrar boðaðir í móttökuviðtal. Foreldrar sem ekki tala íslensku eiga rétt á aðstoð túlks. Þegar barnið byrjar svo leikskólagöngu sína er gert ráð fyrir aðlögunartíma. Aðlögun miðast við þrjá daga. Þau börn sem koma úr öðru málumhverfi en íslensku þurfa fimm til sjö daga. Foreldrar og barn verja þessum tíma saman. Barnið upplifir nýjar aðstæður með foreldrið sér við hlið. Hornsteinn er lagður að öryggi og vellíðan barnsins og samstarfi heimilis og skóla.



Foreldrasamstarf

Í leikskólanum er lögð rík áhersla á að byggja upp gott samstarf við alla foreldra með velferð barnsins og barnahópsins að leiðarljósi. Stofnað er til foreldrasamstarfs á jafnréttisgrundvelli þar sem foreldrar eru sérfræðingar í málefnum barna sinna og leikskólakennarar sérfræðingar í námsumhverfi ungra barna. Styrkleiki leikskólasamfélagsins felst meðal annars í fjölbreyttum foreldrahópi. Til að tryggja barninu farsæla aðlögun á nýjum stað þurfa foreldrar og skóli að vinna náið saman.

Fái barn jákvætt viðhorf í veganesti að heiman er líklegra að því líði vel í skólanum og gangi betur í námi.

Foreldrafélag og foreldraráð eru starfandi við leikskólann. Markmið þeirra er að efla tengsl foreldra og kennara og tryggja velferð barnanna.



Einkunnarorð Undralands eru:
Umhverfi - Umhyggja
Starfsfólk leikskólans leggur metnað sinn í að framfylgja þeim.